

Ferðaþjónustan Bjarg ehf.  
Sigfús Illugason  
Bjargi  
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. september 2014  
Tilvísun: UST20140900128/döh

### Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna byggingar sólpalls í landi Bjargs í Mývatnssveit

Umhverfistofnun vísar í erindi Sigfúsar Illugasonar dagsett 22. september sl. þar sem er óskað er eftir leyfi stofnunarinnar fyrir smíði sólpalls í landi Bjargs í Mývatnssveit. Fyrirhugað er að pallurinn verði allt að 50 m<sup>2</sup> að flatarmáli og í kringum hann verði reystur um 90 cm hár skjólveggur. Pallurinn verður hefðbundinn að hönnun með steinsteyptum stoðum sem handmokað verður fyrir. Pallurinn er hugsaður fyrir gesti Ferðaþjónustunnar að Bjargi og mun leysa annan eins pall af hólmi, sá pallur sem er um 50 m sunnar verður fjarlægður með öllu og undirlag hans fært í upprunalegt horf að framkvæmd lokinni. Umsækjandi hefur þegar kynnt staðsetningu fyrirhugaðs palls fyrir sérfræðing Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit.

Mývatn og Laxá er friðlýst með lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu og nánar skilgreint í reglugerð nr. 665/2012.

Í 17. gr. reglugerðarinnar segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskyns framkvæmdum sem hafa áhrif m.a. á landslag friðlandsins. Umhverfisstofnun ber við leyfisveitingu að leita umsagnar Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Haft var samband við Bjarna Reykjalín, skipulags- og byggingafulltrúa Skútustaðahrepps, sem staðfesti að framkvæmdin er ekki skipulagsskyld til sveitarfélagsins.

#### Áhrifamat

Fyrirhuguð framkvæmd er smá í sniðum og ætlun framkvæmdaaðila að valda sem minstum áhrifum á landslag í kringum framkvæmdastaðinn. Pallurinn mun leysa af hólmi eldri pall á svæðinu og því er þetta ekki viðbót við innviði svæðisins.

Samkvæmt umsögnum Náttúrurannsóknarstöðvarinar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands eru engar athugasemdir gerðar við framkvæmdina.

Umhverfisstofnun veitir framkvæmdaleyfi fyrir smíði allt að 50m<sup>2</sup> trépalls í landi Bjargs. Staðsetning er ákveðin í samráði umsækjanda við sérfræðing Umhverfisstofnunar, og má sjá á mynd í fylgigögnum.

## Skilyrði

- Að umhverfisáhrifum verði haldið í lágmarki á meðan framkvæmdir standa yfir.
- Að þeir verktakar eða aðilar er að framkvæmdunum koma verði minntir á gildi svæðisins og krafa verði gerð um góða umgengi og frágang samkvæmt leyfi þessu

Virðingarfyllst

Davíð Órvar Hansson  
Davíð Órvar Hansson  
Sérfræðingur

Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri